



Leiðbeiningar vegna iðgjalds í Endurhæfingarsjóð stéttarféлага

"Change only becomes improvement when it is properly managed"

Almennt um iðgjald í Endurhæfingarsjóð.

Í nýlegum kjarasamningum er ákvæði um að atvinnurekendur skuli greiða 0,13% í endurhæfingarsjóð frá og með 1. sept 2011. Vegna þessara breytinga þurfa notendur dk launakerfisins að setja upp endurhæfingarsjóð á eftirfarandi hátt.

Leiðbeiningar

Þeir notendur sem eru með dk launakerfið í notkun þurfa að gera eftirfarandi:

Velja frá aðalvalmynd launakerfisins **Launauppsetning – Launaliðir – Launaliðir tengdir lífeyriss. og stéttarf.** Hér þarf að stofna nýja færslu fyrir Endurhæfingarsjóðinn.

Launaliðir tengdir lífeyriss. og stéttarf.

Almennt

Númer: 600

Lýsing: Endurhæfingarsjóður

Greitt af: Atvinnurekanda

Launamiðareitur:

Tegund sjóðs: Endurhæfingarsjóður

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Nýskrá

Færslufjöldi: 15

Númer frá 10 – 99 er frátekið fyrir kerfislíði, því þarf að velja hærra númer.

Næst þurfum við að stofna endurhæfingarsjóðinn undir **Laun – Uppsetning – Almennar töflur – Stéttarfélag** og búa þarf til sérstaka uppsetningu fyrir endurhæfingarsjóðinn miðað við hvern innheimtuaðila. Hver uppsetning þarf að fá númer þess sjóðs sem innheimtir með bókstafnum R fyrir framan. Dæmi um þetta er:



Stéttarfélag

R200 Endurhæfingsj.-Gildi

Almennt

Númer stéttarf.	R200	Sími	
Heiti	Endurhæfingsj.-Gildi	Fax	
Heimili	Sættúni 1	Netfang	
		Veffang	
		Tengiliður	
Póstnúmer	105 Reykjavík	Sími tengiliðs	
Kennitala	561195-2779		
Annar sjóður	<input checked="" type="checkbox"/>		

F1 Hjálp F2 Fletta F5 Valmynd ESC Hætta F12 Uppfæra

Færslufjöldi: 350

Næst þarf að útbúa launauppsetningu fyrir endurhæfingsjóðinn inni í töflunni fyrir stéttarfélagin. Þá er farið inn í **Laun – Launauppsetning – Stéttarfélag** og hann stofnaður sérstaklega.

Launauppsetning - stéttarfélag

Stéttarfélag	R200 Endurhæfingsj.-Gildi
Lýsing	Endurhæfingsj.-Gildi
Númer	R200
Banki	0526 Íslandsbanki
Höfuðbók	26
Reikningsnúmer	999
Knt. eig. bankar.	561195-2779

Uppsetning launaliða

Launaliður	Prós./Fast	Fóst upph.	Prósenta	Lágmark	Hámark	Reikniregla	Bankareikningur

Bæta við... Breyta... Fella

F12 Staðfesta ESC Hætta F1 Hjálp



Bætum inn gjaldi í Endurhæfingarsjóðinn sem er 0,13% og gæta þarf að því að hafa réttan móttakanda skilagreinar inni á launaliðnum.

Uppsetning launaliða - Stéttarfélag

Almennt

Viðhald línu

Launaliður: 600

Útreikningur: Prósentu

Föst upphæð: 0

Prósenta: 0,13 Lágmarksupphæð: 0 Hámarksupphæð: 0

Reikniregla: Sbr. almennir launaliðir

Sér bankareikningur

Banki: Hb: Reikningsnr: Knt. eig. bankar.: -

Annar móttakandi skilagreinar

Móttakandi: Lífeyrissjóður Lífeyrissjóður: 200

[Gildi - lífeyrissjóður](#)

F1 Hjálp F12 Staðfesta ESC Hætta

Að lokum ætti uppsetningin að líta svona út

Launauppsetning - stéttarfélag

Stéttarfélag: R200 Endurhæfingarsj.-Gildi

Lýsing: Endurhæfingarsj.-Gildi

Númer: R200

Banki: 0526 Íslandsbanki

Höfuðbók: 26

Reikningsnúmer: 999

Knt. eig. bankar: 561195-2779

Uppsetning launaliða

Launaliður	Prós./Fast	Föst upph.	Prósenta	Lágmark	Hámark	Reikniregla	Bankareikningur
600 -	Prósenta		0,13	0	0	Sbr. almennir launaliðir	


Bæta við... Breyta... Fella

F12 Staðfesta ESC Hætta F1 Hjálp



ATHUGIÐ. Endurhæfingarsjóður mun verða innheimtur í flestum tilfellum af lífeyrissjóðum þó að í einhverjum tilfellum verði innheimtuaðilinn stéttarfélag. Miðað verður við að atvinnurekendur skili gjöldum til þess lögbundna lífeyrissjóðs sem launþeginn greiðir í.

Tengja þarf endurhæfingarsjóðinn við launþegann með því að fara í launþegaspjaldið og velja CTRL + T. Þá birtist *uppsetningartré launþega* þar sem sjóðnum er bætt við undir *Stéttarfélög*.





Samantekt

Hér er stutt samantekt yfir það sem notandi þarf að gera:

1. Stofna Endurhæfingarsjóð með því að velja **Launauppsetning – Launaliðir – Launaliðir tengdir lífeyriss. og stéttarf.** Númer sjóðsins mætti vera 600, gjaldið er greitt af atvinnurekanda og Tegund sjóðs verður að vera Endurhæfingarsjóður - (R)
2. Stofna sér stéttarfélag fyrir þennan endurhæfingarsjóð með því að velja **Laun - Uppsetning – Almennar töflur - Stéttarfélag**
3. Stofna sér launauppsetningu fyrir þennan endurhæfingarsjóð með því að velja **Launauppsetning – Stéttarfélag** með línu fyrir gjaldi í Endurhæfingarsjóðinn. Gjaldið er 0,13%. Tilgreina þarf móttakanda skilagreinar

Smá samantekt um Endurhæfingarsjóðinn**Endurhæfingarsjóður**

Í kjarasamningum þeim sem undirritaðir voru þann 17.2 2008 gerðu nokkur félög og Samtök atvinnulífsins samkomulag um nýtt fyrirkomulag endurhæfingar. Samkomulagið nær til um 80.000 launamanna. Markmið aðila er að koma að málum eins snemma og kostur er til að stuðla að því að hver einstaklingur verði svo virkur á vinnumarkaði sem vinnugeta hans leyfir. Sérstakur sjóður, Endurhæfingarsjóður, verður stofnaður í því skyni að skipuleggja og hafa umsjón með störfum þjónustufulltrúa sem verða aðallega á vegum sjúkrasjóða stéttarfélaganna og greiða kostnaðinn af störfum þeirra og kostnaðinn af ráðgjöf fagaðila. Ennfremur mun Endurhæfingarsjóður hafa fjármuni til þess að greiða fyrir kostnað við úrræði og endurhæfingu til viðbótar því sem veitt er af hinni almennu heilbrigðisþjónustu. Miðað er við að í heild verði ráðstafað 0,39% af launum til Endurhæfingarsjóðs. Í fyrsta áfanga er samkomulag milli félaganna og Samtaka atvinnulífsins um að leggja sérstakt 0,13% launatengt gjald, Endurhæfingargjald, á launagreiðendur á sama gjaldstofn og iðgjald til lífeyrissjóða frá og með 1. júní 2008. Í öðrum áfanga sem hefst í ársbyrjun 2009 er miðað við að ríkissjóður leggi Endurhæfingarsjóði til sömu upphæð og launagreiðendur samkvæmt sérstöku samkomulagi. Í þriðja áfanga sem hefst í ársbyrjun 2010 munu félögin og Samtök atvinnulífsins beita sér fyrir því að lífeyrissjóðir á samningssviði þeirra greiði til Endurhæfingarsjóðs sama hlutfall og launagreiðendur. Ennfremur munu félögin og Samtök atvinnulífsins leita leiða til þess að aðrir lífeyrissjóðir greiði til Endurhæfingarsjóðs eftir því sem við á þannig að full framlög fái til sjóðsins vegna þeirra einstaklinga sem Endurhæfingargjald er greitt af. Umræddur sjóður hefur formlega verið stofnaður hjá félögunum.

Eftirfarandi félög komu að samningunum 17.2 2008

- VR/LÍV
- Flóabandalagið (Efling, Hlíf, VSFK, Boðinn)
- SGS utan Flóabandalagsins (21 félag)
- Samiðn
- RSÍ
- Matvís
- VM
- FBM

Verkstjórasambandið gerðist aðili 29.2 2008